



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við útskrift á 40 ára afmæli
Endurmenntunar Háskóla Íslands**

9. júní 2023

Aðstoðarrektur Háskóla Íslands, endurmenntunarstjóri,
útskriftarnemar, starfslið Endurmenntunar HÍ
og aðrir góðir gestir

„Ágæti kennari/umsjónarmaður með námskeiði á vormisseri ... Við kunnum þér bestu þakkir fyrir að taka að þér að hafa umsjón með og/eða kenna á námskeiði hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.“

Með þessum upphafsorðum í bréfi frá janúar 2004 hófust bein kynni mín af Endurmenntun Háskóla Íslands. Næstu ár kenndi ég öðru hvoru við stofnunina og naut þess mjög, meðal annars í leiðsögunámi. Nú síðast, árið 2019, var ég gestafyrirlesari í námskeiði um allt það sem hefði getað gerst í liðinni tíð, hjásögu eða efsögu svokallaðri. Þá veltir fólk vöngum yfir því hvernig rás sögunnar hefði hæglega getað orðið, bæði til skemmtunar en ekki síður til að skilja betur hvers vegna svo fór sem fór – nú eða til að átta sig á mikilvægi tiltekinna manneskja eða atburða.

Hvað hefði gerst ef Endurmenntun Háskóla Íslands hefði ekki verið komið á laggirnar fyrir 40 árum? Engu verður slegið föstu um það. Hitt getum við þó gefið okkur að samfélag okkar væri fátækara, að fullorðið fólk hefði farið á mis við ýmis tækifæri til að fræðast og læra, sjálfu sér og öðrum til heilla.

Sú var tíð að menntun í skólum var ætluð fáum í forréttindastétt. Það þótti rétt og það þótti duga. Ég freistast til að vitna hér í annan Álftnesing, ágætan að mörgu leyti en afturhaldssaman í ýmsu. Já, stundum var hann líka full dómharður og geðstirður í ofanálag. Benedikt Gröndal hét sá, fæddur á

Bessastöðum árið 1826 og mörg eru gullkornin í Dægradvöl, ævisögu hans. Þar skrifaði hann til dæmis þetta um bændur og búalið í sinni sveit og skaðsemi menntunar fyrir almúgann: „Þó að þetta fólk væri fátækt, þá var það hvurki ólukkulegt né óánæggt með lífið; þá var ekki byrjað framfararvaðrið, sem hefur valdið barlóminum, óánægjunni og öfundinni, sem nú gengur yfir allt landið, svo annað heyrir ekki. Þetta fólk var ómenntað og ófínt, en þóttist ekki of gott til að vinna; „menntunin“ [og það orð hafði hann innan gæsalappa] hafði ekki glapið það og dregið úr því kjarkinn.“

Nú er öldin önnur, blessunarlega. Nú þykir menntun sjálfsagður réttur allra. Þá á ég við menntun í víðum skilningi, ekki aðeins skyldunám eftir skýrri námskrá heldur þá samfélagssýn að við megum öll fá að sýna hvað í okkur býr, finna fjölinu okkar, rækta eigin hæfileika, elta drauma, prófa eitthvað nýtt, bæta sífellt við þekkingu og reynslu.

Um leið hefur vegur endurmenntunar og símenntunar einmitt aukist. Já, endurmenntun og símenntun: Þetta hljóta að vera ein helstu einkunnarorð þess þekkingarsamfélags sem við viljum efla og styrkja saman.

Í hinum víða skilningi er menntun líka menning og mennska, einlægur vilji til að bæta sjálfan sig og þann heim sem maður lifir í, efling þekkingar, víðsýni og visku. Sönn menntun felur í sér fræðileg og heiðarleg vinnubrögð, hlutlægni frekar en fordóma, það hugrekki að standa með sannfæringu sinni en bera um leið virðingu fyrir ólíkum skoðunum og sjónarmiðum, rækta þann hæfileika að geta sett sig í spor annarra og sýnt samkennd, halda í sitt tjáningarfrelsi en varast þjáningarsköpun.

Og menntun, sem afað er með eigin dugnaði og atgerði, má fylgja stolt yfir þeim árangri og aukinni kunnáttu – stolt yfir nýrri gráðu ef því er að skipta. Um leið þarf þetta stolt að vera bundið auðmýkt og laust við dramb – vegna þess að vitneskju okkar eru ætíð takmörk sett, vegna þess að hugurinn á að vera opinn en ekki lokaður, vegna þess að þótt námsgráða sé góð má ætíð á sig blómum bæta, eins og þið vitið nú vonandi manna best, útskriftarnemar góðir.

Endurmenntun Háskóla Íslands hefur nú starfað í fjóra áratugi. Landsmenn hafa notið öflugrar kennslu sem fjölbreytt starfslið hefur sinnt á mörgum sviðum. Hér á eftir taka nemar við skírteinum sínum, fólk sem útskrifast af námsbraut í sálfræði, sálgæslu, löggildingu fasteigna- og skipasala, verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun og loks leiðsögunámi. Ég óska ykkur öllum hjartanlega til hamingju. Um leið færi ég starfsliði Endurmenntunar Háskóla Íslands að fornu og nýju heillaóskir á merkum tímamótum.